



# **Friðlýsingar og stjórnunar- og verndaráætlanir 2017**

**Skýrsla Umhverfisstofnunar til umhverfis- og  
auðlindaráðherra um vinnu við friðlýsingar og  
stjórnunar- og verndaráætlanir á árinu 2017**

**Mars 2018**



**UMHVERFISSTOFNUN**

# Efnisyfirlit

<b>1.</b>	<b>INNGANGUR .....</b>	<b>1–3</b>
<b>2.</b>	<b>FRÍÐLÝSINGAR Á GRUNDEVELLI RAMMAÁÆTLUNAR.....</b>	<b>2–4</b>
2.1.	Kerlingarfjöll .....	2–4
2.2.	Geysir .....	2–5
2.3.	Norðlingaölduveita.....	2–5
<b>3.</b>	<b>FRÍÐLÝSINGAR Á GRUNDEVELLI NÁTTÚRUMINJASKRÁR OG NÁTTÚRUVERNDARÁÆTLUNAR.....</b>	<b>3–6</b>
3.1.	Látrabjarg.....	3–6
3.2.	Geysir .....	3–7
<b>4.</b>	<b>ENDURSKOÐUN ELDRI FRÍÐLÝSINGA .....</b>	<b>4–8</b>
4.1.	Flatey .....	4–8
4.2.	Dynjandi.....	4–8
4.3.	Þjórsárver .....	4–9
<b>5.</b>	<b>STJÓRNUNAR- OG VERNDARÁÆTLANIR .....</b>	<b>5–10</b>
5.1.	Staðfestar stjórnunar- og verndaráætlanir .....	5–10
5.1.1.	Gullfoss.....	5–10
5.1.2.	Steðji .....	5–11
5.1.3.	Hólmanes .....	5–12
5.2.	Stjórnunar- og verndaráætlanir sem er lokið.....	5–12
5.2.1.	Helgustaðanáma .....	5–12
5.2.2.	Kringilsárrani .....	5–13
5.2.3.	Surtarbrandsgil.....	5–14
5.3.	Stjórnunar- og verndaráætlanir í vinnslu .....	5–15
5.3.1.	Andakíll.....	5–15
5.3.2.	Búðahraun.....	5–15
5.3.3.	Flatey.....	5–15
5.3.4.	Friðland að Fjallabaki .....	5–16
5.3.5.	Friðland Svarfdæla .....	5–16
5.3.6.	Glerárdalur .....	5–17
5.3.7.	Hornstrandir.....	5–17
5.3.8.	Ingólfshöfði .....	5–18
5.3.9.	Kattarauga.....	5–18
5.3.10.	Teigarhorn.....	5–18
5.3.11.	Skógafoss.....	5–19
5.3.12.	Ströndin við Stapa og Hellna .....	5–19
5.3.13.	Bárðarlaug.....	5–19
5.4.	Endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlana .....	5–19
5.4.1.	Mývatn og Laxá .....	5–19
<b>6.</b>	<b>LOKAORÐ.....</b>	<b>6–21</b>

# 1. Inngangur

Umhverfisstofnun annast undirbúning friðlýsinga í samræmi við lög nr. 60/2013 um náttúruvernd sem gengu í gildi þann 15. nóvember 2015. Fyrir gildistöku laga nr. 60/2013 sinnti stofnunin sama hlutverki í samræmi við ákvæði laga nr. 44/1999. Umhverfisstofnun gefur umhverfis- og auðlindaráðherra árlega yfirlit yfir vinnu við friðlýsingar og er hér yfirlit yfir þá vinnu á árinu 2017. Auk þess er yfirlit yfir vinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði sem Umhverfisstofnun ber jafnframt ábyrgð á að gera samkvæmt 81. gr. laga nr. 60/2013.

Skýrslan skiptist í fjóra kafla; friðlýsingar á grundvelli rammaáætlunar, friðlýsingar á grundvelli náttúruverndaráætlunar, endurskoðun eldri friðlýsinga og loks kafla um stjórnunar- og verndaráætlanir. Í þeim síðastnefnda er fjallað um þær áætlanir sem hafa verið staðfestar af umhverfis- og auðlindaráðherra, áætlanir sem er lokið en hafa ekki hlotið staðfestingu, áætlanir í vinnslu og loks þær áætlanir sem unnið er að endurskoðun á.

Á árinu var friðland í Þjórsárverum stækkað verulega en stefnt hafði verið að slíkri stækkun nokkuð lengi. Á árinu var lokið við gerð sex stjórnunar- og verndaráætlana, en þar af hafa þrjár verið staðfestar af umhverfis- og auðlindaráðherra. Því til viðbótar eru þrettán áætlanir sem hafa verið í vinnslu á árinu og margar þeirra langt komnar. Endurskoðun á einni stjórnunar- og verndaráætlun hefur staðið yfir á árinu og verður þeirri vinnu fram haldið árið 2018.

Haldið var áfram vinnu við eldri friðlýsingarverkefni á árinu en önnur friðlýsingarverkefni hafa að mestu leyti verið í bið á árinu 2017 líkt og á fyrra ári. Með tilkomu nýrra laga um náttúruvernd nr. 60/2013 breyttist fyrirkomulag náttúruverndaráætlunar og er nú gert ráð fyrir að gefin verði út náttúruinjaskrá í þremur hlutum. Ekki liggur fyrir skráning svæða á B-hluta náttúruinjaskrár, sem gegnir sambærilegu hlutverki og náttúruverndaráætlun gerði áður. Af þessum sökum, auk þess sem fjárveitingar til friðlýsinga á grundvelli náttúruinjaskrár/náttúruverndaráætlunar og rammaáætlunar hafa verið felldar niður, hafa friðlýsingarverkefni að mestu leiti verið í bið árið 2017.

Á undanförunum árum hefur staðið yfir átak í gerð stjórnunar- og verndaráætlana og hefur mest áhersla verið lögð á þá vinnu í friðlýsingateymi Umhverfisstofnunar. Árið 2016 voru unnir verkferlar og vinnureglur til að styðja við þá vinnu og hafa þau verkfæri nýst vel. Þá er forgangsroðun gerðar stjórnunar- og verndaráætlana uppfærð reglulega og höfð til hliðsjónar við gerð verkáætlana fyrir teymið. Nú hafa verið gerðar stjórnunar- og verndaráætlanir fyrir 15 friðlýst svæði í umsjón Umhverfisstofnunar.

## 2. Friðlýsingar á grundvelli rammaáætlunar

Þann 14. janúar 2013 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um vernd og orkunýtingu landsvæða þar sem virkjunarkostir eru flokkaðir í þrjú flokka, orkunýtingarflokk, biðflokk og verndarflokk. Umhverfisstofnun er falið það hlutverk skv. lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun að undirbúa friðlýsingu þeirra tuttugu svæða sem flokkuð voru í verndarflokk í þingsályktuninni. Í júlí árið 2015 var samþykkt þingsályktun um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða nr. 13/141. Með samþykkt tillögunnar var virkjunarkosturinn Hvammsvirkjun færður úr biðflokki í orkunýtingarflokk. Ekki voru aðrar breytingar gerðar árið 2015 en þann 28. febrúar árið 2017 var lögð fram ný þingsályktunartillaga í samræmi við niðurstöðu 3. áfanga rammaáætlunar (þingskjal 291-207. mál). Þingsályktunartillagan hlaut ekki framgang á 146. löggjafarþingi og hefur ekki verið lögð fram að nýju.

Árið 2013 var lagður grunnur að undirbúningi friðlýsinga svæða í verndarflokki sem lýst er í skýrslunni *Friðlýsingar 2013. Skýrsla Umhverfisstofnunar til umhverfis- og auðlindaráðherra um vinnu við friðlýsingar á árinu 2013*. Í lok ársins 2013 var vinna við undirbúning friðlýsinga á grundvelli rammaáætlunar sett í bið, fyrst og fremst vegna þess að fjárveiting til verkefnisins var felld niður í fjárlögum ársins 2014. Næstu ár fór fram lítilsháttar vinna í tengslum við Norðlingaölduveitu, virkjunarkosti í Kerlingarfjölum og á Fjallabaki, auk þess sem viðræður hófust vegna undirbúnings að friðlýsingu Geysissvæðisins. Um þann undirbúning má lesa í fyrri skýrslum Umhverfisstofnunar til umhverfis- og auðlindaráðherra um friðlýsingar og stjórnunar- og verndaráætlanir. Hér á eftir er gerð grein fyrir þeirri vinnu sem unnin var í tengslum við friðlýsingar á grundvelli rammaáætlunar árið 2017.

### 2.1. Kerlingarfjöll

Kerlingarfjöll eru fjallabálgur skammt suðvestur af Hofsjökli. Svæðið einkennist af stórbrotnu og litríku landslagi þar sem líparít- og móbergsfjöll eru einkennandi fyrir landslagið. Nokkur líparítfjallanna eru líparítstapar sem eru fágætir á heimsvísu. Kerlingarfjöll eru megineldstöð með tveimur öskjum og allmiklu háhitasvæði. Háhitasvæðið skiptist í þrjú megin svæði; Hverabotn, Hveradali og Efri-Hveradali. Í einum hveranna í Hverabotni hefur hiti mælst 145-150°C og er það hæsta skráða hitamæling í hver á Íslandi. Algengustu hverirnir eru gufuaugu, gufuhverir, soðpönnur og leirhverir. Í hverunum þrífst sérstætt lífríki hveraörvera.

Undirbúningur að friðlýsingu svæðisins hófst fyrst árið 2013, en vinnan hófst formlega á fundi ráðherra, fulltrúa umhverfis- og auðlindaráðuneytis, Hrunamannahrepps og Umhverfisstofnunar á Flúðum þann 2. febrúar 2016. Á þeim fundi var ákveðið að óska eftir tilnefningum Hrunamannahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Kerlingarfjallavina um fulltrúa í samstarfshóp sem hefði það hlutverk að undirbúa friðlýsingu svæðisins. Auk þess var haft samráð við forsætisráðuneytið sem fer með málefni þjóðlendna.

Megin vinna við undirbúning að friðlýsingu svæðisins fór fram árið 2016 og í lok ársins var kynningartíma lokið ásamt því að unnið hafði verið úr þeim ábendingum sem bárust. Þann 7. september 2016 bókaði sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að drög að auglýsingu um friðlýsingu Kerlingarfjallasvæðisins væru samþykkt samhljóða. Sveitarfélagið

Hrunamannahreppur frestaði afgreiðslu málsins þar sem endurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins hafði dregist, en í endurskoðuðu aðalskipulagi koma fram ákveðin markmið og stefnumótun hvað varðar svæðið sem fyrirhugað er að friðlýsa. Í bókunum sveitarstjórnar hefur þó komið fram að sveitarfélagið sé sátt við friðlýsingarskilmálana eins og þeir liggja fyrir og á fundi sveitarstjórnar þann 3. nóvember 2016 var eftirfarandi bókað: „*Friðlýsing Kerlingarfjalla. Oddviti fór yfir stöðu málsins. Sveitarstjórn samþykkir að samhlíða því að endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps 2016-2032 taki gildi muni sveitarstjórn samþykkja fyrirbyggjandi skilmála friðlýsingar í Kerlingarfjöllum.*“

Markmið fyrirhugaðrar friðlýsingar er að vernda jarðminjar, landslag, óbyggðir og ásýnd svæðisins. Gert er ráð fyrir að verndunin muni ná til fágætra jarðmyndana, megineldstöðvar, landslagsheilda, lífríkis og menningarminja. Með friðlýsingunni verður stuðlað að því að sjálfbærni verði höfð að leiðarljósi í allri nýtingu, stjórnun, framtíðarskipulagningu og rekstri innan svæðisins. Þá er friðlýsingunni ætlað að efla Kerlingarfjöll sem útivistarsvæði og stuðla að góðri umgengni og bættu aðgengi að svæðinu.

Þann 19. desember 2017 staðfesti Skipulagsstofnun nýtt aðalskipulag fyrir Hrunamannahrepp sem samþykkt var í sveitarstjórn 24. nóvember 2017. Bundnar eru vonir við að friðlýsing Kerlingarfjallasvæðisins verði staðfest árið 2018.

## 2.2. Geysir

Í þingsályktun um vernd og orkunýtingu landsvæða er Geysissvæðið flokkað í verndarflokk. Geysir var jafnframt skráður á náttúruverndaráætlun 2004-2008. Í lok árs 2016 hófust viðræður við fulltrúa Bláskógabyggðar um undirbúning að friðlýsingu svæðisins sem var fram haldið árið 2017. Þar sem svæðið er einnig skráð á náttúruverndaráætlun er nánari umfjöllun um svæðið í kafla 3.2.

## 2.3. Norðlingaölduveita

Undirbúningur að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum hefur staðið yfir síðan árið 2009. Um þá vinnu má lesa í eldri skýrslum Umhverfisstofnunar til umhverfis- og auðlindaráðherra um friðlýsingar og stjórnunar- og verndaráætlanir. Þar sem um var að ræða endurskoðun á eldri friðlýsingu er nánari umfjöllun um svæðið í kafla 4.3.

## 3. Friðlýsingar á grundvelli náttúruverndaráætlunar

Samkvæmt lögum um náttúruvernd hefur Umhverfisstofnun það hlutverk að vinna að friðlýsingu svæða á grundvelli framkvæmdaáætlunar um friðlýsingar og friðun, B-hluta náttúruverndaráætlunar, áður náttúruverndaráætlunar, og eldri náttúruverndaráætlana í samræmi við bráðabirgðaákvæði laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Af þeim 26 svæðum sem skráð voru á náttúruverndaráætlanir 2004-2008 og 2009-2013 hafa 6 svæði verið friðlýst, auk þess sem Skerjafjarðarsvæðið hefur verið friðlýst að hluta.

Flest friðlýsingarverkefni voru sett í bið árið 2014 og er staða þeirra flestra óbreytt í árslok 2017. Árið 2017 var þó áfram unnið áfram að undirbúningi friðlýsingar Látrabjargs og viðræðum um friðlýsingu Geysissvæðisins var fram haldið. Hvað varðar stöðu á undirbúningi friðlýsinga annarra svæða á náttúruverndaráætlunum vísast til fyrri skýrslna Umhverfisstofnunar til umhverfis- og auðlindaráðherra um friðlýsingar og stjórnunar- og verndaráætlanir.

Samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 skal ráðherra gefa út náttúruverndaráætlun á fimm ára fresti sem skiptist í A-, B- og C-hluta. A-hluti felur, samkvæmt lögum, í sér lista yfir þau svæði sem þegar hafa verið friðlýst, B-hluti er framkvæmdaáætlun um friðlýsingu eða friðun og í C-hluta er listi yfir aðrar mikilvægar náttúruverndaráætlunir. B-hluti náttúruverndaráætlunar mun því gegna sama hlutverki og náttúruverndaráætlun gerði áður. Ráðherra hafði í lok árs 2017 ekki gefið út náttúruverndaráætlun og því er í raun engin framkvæmdaáætlun í gildi fyrir friðlýsingu nýrra svæða en undirbúningur stendur yfir. Hins vegar segir í ákvæði til bráðabirgða með fyrrgreindum lögum að ráðherra sé heimilt að friðlýsa og friða náttúruverndaráætlunir sem hafa verið á náttúruverndaráætlun.

### 3.1. Látrabjarg

Látrabjarg er stærsta fuglabjarg í Evrópu og þar er að finna fjölmennustu sjófuglabýggð landsins og stærstu álkubýggð í heimi. Svæðið hefur verið skilgreint sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði (IBA). Látrabjargssvæðið hefur að geyma fjölbreyttar vistgerðir, vistkerfi og búsvæði sem eru viðkvæm fyrir röskun. Látrabjarg endurspeglar einnig jarðsögu Vestfjarða þar sem sést þverskurður af hraunlagastafla Vestfjarðasléttunnar. Verndargildi svæðisins felst ekki eingöngu í náttúrufari, því að það hefur einnig mikið menningarlegt gildi í formi sögulegra heimilda og fjölda skráðra fornleifa, en örnefni, rústir, réttir, garðar og aðrar minjar bera fyrir og síðari mannvistum og ýmsum nytjum á svæðinu glögg vitni.

Undirbúningur að friðlýsingu Látrabjargssvæðisins hefur staðið yfir síðan í janúar 2011 þegar bæjarstjóri Vesturbyggðar skipaði nefnd um framtíðarskipulag Látrabjargs. Áhugi hefur verið fyrir því að stofna þjóðgarð á svæðinu en í lok árs 2016 lagði stjórn landeigendafélagsins Bjargtanga til að svæðið sem áætlað er að friðlýsa verði minnkað þannig að einungis Látrabjarg og næsta nágrenni þess verði friðlýst sem friðland. Þá óskaði stjórn landeigendafélagsins Bjargtanga eftir því við Umhverfisstofnun að gerð yrðu drög að friðlýsingarskilmálum fyrir væntanlegt friðland. Þessi drög voru kynnt á landeigendafundi í byrjun árs 2017. Í kjölfar þess lá fyrir samþykki allra landeigenda um áframhaldandi samstarf um undirbúning að friðlýsingu svæðisins og stofnaður var nýr samstarfshópur sem í eiga sæti

fulltrúar Vesturbyggðar, Umhverfisstofnunar og Bjargtanga. Fyrsti fundur samstarfshópsins var í lok mars. Á þeim fundi lögðu fulltrúar Bjargtanga fram tvær tillögur að mörkum fyrirhugaðs friðlands. Eftir fundinn fór Umhverfisstofnun þess á leit við fulltrúa Bjargtanga að landeigendur kæmu sér saman um eina tillögu áður en vinnu við friðlýsingu yrði fram haldið.

Nokkur samskipti hafa verið í tengslum við mörk svæðisins og hve stórt svæðið þarf að vera að lágmarki að mati Umhverfisstofnunar til að unnt sé að ná fram verndarmarkmiðum fyrir svæðið. Umhverfisstofnun hefur upplýst fulltrúa Bjargtanga um afstöðu sína varðandi stærð landsvæðis sem stofnunin telur að nauðsynlegt sé að friðlýsa. Í lok ársins 2017 stóð málið þannig að stefnt var að því að taka tillögu Umhverfisstofnunar til umfjöllunar á fundi landeigendafélagsins í upphafi árs 2018. Í kjölfar þess verður tekin afstaða til áframhaldandi undirbúnings að friðlýsingu svæðisins.

## 3.2. Geysir

Geysissvæðið í Haukadal er eitt þekktasta goshverasvæði jarðar. Svæðið var skráð á náttúruverndaráætlun 2004-2008 og þar með mörkuð stefna um friðlýsingu svæðisins. Á undanförunum árum hafa verið viðræður um undirbúning að friðlýsingu svæðisins án árangurs. Árið 2016 breyttust forsendur talsvert og í kjölfar undirritunar kaupsamnings um kaup ríkisins á Geysissvæðinu hófst formlega undirbúningur að friðlýsingu svæðisins.

Árið 2017 var skipaður samstarfshópur um undirbúning að friðlýsingu svæðisins sem í eiga sæti fulltrúar Bláskógabyggðar og Umhverfisstofnunar. Unnið var að undirbúningi friðlýsingarinnar á fyrri hluta ársins 2017, en um mitt ár var ákveðið að setja málið í bið þar til kaup ríkisins á Geysissvæðinu væru endanlega frágengin, kaupverð ákveðið og afsal lægi fyrir. Vonir standa til að undirbúningi að friðlýsingu svæðisins verði fram haldið árið 2018.

## 4. Endurskoðun eldri friðlýsinga

Auglýsingar margra friðlýstra svæða í umsjón Umhverfisstofnunar eru komnar til ára sinna. Með breyttum áherslum og þá sérstaklega aukinni áherslu á skýrleika friðlýsingarskilmála, er orðin þörf á endurskoðun eldri friðlýsingarskilmála. Á árinu 2017 vann Umhverfisstofnun að undirbúningi á endurskoðun tveggja eldri friðlýsingaskilmála, annars vegar fyrir friðlandið í Flatey á Breiðafirði og hins vegar Dynjanda auk þess sem endurskoðuð auglýsing fyrir friðlandið í Þjórsárverum var staðfest af umhverfis- og auðlindaráðherra.

### 4.1. Flatey

Hluti Flateyjar á Breiðafirði ásamt nálægum eyjum var friðlýstur sem friðland árið 1975. Með friðlýsingunni er gróður og dýralíf svæðisins verndað. Friðlandið er mikilvægt varpsvæði sjaldgæfra fuglategunda, t.d. þórshana.

Þegar vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar hófst í ágúst 2015 var ákveðið að endurskoða auglýsingu um friðlýsingu svæðisins samhliða þar sem ástæða þótti til að breyta lokunartíma og mörkum svæðisins að mati samstarfshóps og sérfræðinga.

Í samstarfshópnum eiga sæti fulltrúar Umhverfisstofnunar, Reykhólahrepps, Framfarafélags Flateyjar og ábúenda í Flatey. Auk þess voru Ríkiseignir, sem réttshafi lands, upplýstar um þá vinnu sem fram hefur farið. Árið 2016 var lokið við gerð tillögu að endurnýjaðri auglýsingu um friðlýsingu Flateyjar. Tillagan var auglýst samhliða tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið um mitt ár 2017. Nokkur bið hefur orðið á því að lokið verði við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið og hefur undirbúningur að endurnýjun auglýsingar fyrir friðlandið því tafist. Vonir standa til að tillaga að endurnýjaðri auglýsingu fyrir Flatey verði send umhverfis- og auðlindaráðherra til staðfestingar árið 2018.

### 4.2. Dynjandi

Í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Dynjanda sem kom út árið 2015 segir að stefnt sé að því að endurskoða auglýsingu um svæðið með það að markmiði að skerpa á reglum sem gilda um svæðið. Umhverfisstofnun telur að núverandi friðlýsingarskilmálar séu óskýrir og ekki að fullu í samræmi við verndarmarkmið náttúruvættisins Dynjanda. Einnig telur stofnunin að mikilvægt sé að skerpa á reglum sem gilda um náttúruvættið, en ferðamönnum sem heimsækja svæðið hefur fjölgað mikið á undanförunum árum og mikilvægt er að draga úr álagi á náttúru og lífríki svæðisins.

Árið 2016 var skipaður samstarfshópur um endurskoðun á auglýsingu um friðlýsingu svæðisins og mörkum náttúruvættisins. Í samstarfshópnum eiga sæti fulltrúar frá RARIK, Ísafjarðarbæ og Umhverfisstofnun. Samhliða endurskoðun auglýsingarinnar lagði Umhverfisstofnun til að mörkum friðlýsta svæðisins yrði breytt og þannig tryggð verndun alls vatnasviðs fossins Dynjanda og umhverfi þess. Svæðið sem um ræðir er að mestu ósnortið og einkennist af áhrifum jökla sem hafa sorfið landið og skilið eftir sig mikinn fjölda vatna og tjarna á Dynjandisheiði. Umhverfisstofnun lagði til breytingu á mörkum á þann hátt að friðlýsta svæðið nái til allrar jarðarinnar Dynjanda. Ísafjarðabær tók jákvætt í þá tillögu en RARIK var ekki fyllilega ljóst hver þörfin á stækkun náttúruvættisins væri, en lýsti sig



reiðubúið að taka þátt í endurskoðun auglýsingar um náttúruvættið. Í kjölfarið hefur Umhverfisstofnun hafið undirbúning að athugun á hvaða möguleikar eru í breytingum á eignarhaldi á landinu, en RARIK hefur lýst sig reiðubúið til að kanna möguleika á sölu landsins.

### 4.3. Þjórsárver

Þjórsárver eru ein víðáttumesta gróðurvin miðhálandisins með fjölskrúðugu og einstöku lífríki. Má þar nefna vistkerfi, votlendi, varpstöðvar heiðagæsa, víðerni og landslagsheild. Svæðið var friðlýst árið 1981.

Stækkun friðlands í Þjórsárverum og endurskoðun auglýsingar fyrir friðlandið hefur verið í undirbúningi í langan tíma. Starfshópur sem í áttu sæti fulltrúar Umhverfisstofnunar og níu sveitarfélaga skilaði tillögu að endurskoðaðri auglýsingu og nýjum mörkum friðlandsins árið 2013. Staðfestingu á auglýsingunni var frestað það sama ár og voru málefni stækkaðs friðlands tekin til skoðunar í umhverfis- og auðlindaráðuneyti í samstarfi við Umhverfisstofnun. Í desember sama ár komst ráðuneytið að þeirri niðurstöðu að rétt væri að breyta mörkum fyrirhugaðs friðlands í suðri auk þess sem lagt var til að mörkin yrðu færð þannig að Þjórsárveita yrði utan hins friðlýsta svæðis. Leitað var samþykkis Ásahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps fyrir breytingunni. Í upphafi árs 2014 lagði Skeiða- og Gnúpverjahreppur til að stækkun friðlandsins yrði frestað þar til ljóst yrði hver staða Norðlingaölduveitu yrði í rammaáætlun. Ásahreppur féllst á tillögu ráðuneytisins fyrir sitt leyti en með skilyrðum. Í ljósi þess að aðeins annað sveitarfélagið sem skipulagsvald hefur á svæðinu sem um ræðir samþykkti breytingartillöguna leitaði Umhverfisstofnun ekki samþykkis annarra sveitarfélaga sem hafa skipulagsvald á því landsvæði sem fellur innan fyrirhugaðs friðlands.

Í júlí árið 2017 auglýsti umhverfis- og auðlindaráðuneyti tillögu að mörkum og friðlýsingarskilmálum stækkaðs friðlands í Þjórsárverum. Í þeirri tillögu hafði verið fallið frá þeim breytingartillögum sem ráðuneytið hafði áður gert og auglýst tillaga var samhljóma tillögu starfshóps frá árinu 2013. Umhverfis- og auðlindaráðherra undirritaði auglýsingu um friðlýsingu vegna stækkunar friðlands í Þjórsárverum. Með stækkuninni næst það markmið að tryggja víðtæka og markvissa verndun svæðisins í heild og stækkar friðlandið úr 375 km<sup>2</sup> í 1.563 km<sup>2</sup>. Er því um margföldun á stærð friðlandsins að ræða sem hefur mikla þýðingu fyrir vernd líffræðilegrar fjölbreytni, landslags, víðernis og menningarminja. Með friðlýsingunni er lögð áhersla á verndun rústamýrarvistar, en vistgerðin telst alþjóðlega verndarþurfi samkvæmd ákvæðum Bernarsamningsins. Þá hefur votlendi svæðisins alþjóðlegt gildi sem varpstöðu heiðargæsar sbr. Ramsarsamninginn, en svæðið var skráð á lista Ramsar yfir alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði árið 1990.

## 5. Stjórnunar- og verndaráætlanir

Friðlýst svæði eru mörg hver undir miklu álagi, meðal annars vegna fjölda ferðamanna sem heimsækir Ísland. Nauðsynlegt er að bregðast við þessu álagi með frekari uppbyggingu og stjórnun á friðlýstum svæðum. Umhverfisstofnun hefur umsjón með ríflega 100 friðlýstum svæðum á Íslandi og hefur meðal annars það hlutverk samkvæmt 13. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd að annast gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögnum skal gerð þessara áætlana fyrir öll friðlýst svæði vera lokið eigi síðar en tíu árum eftir að lög innganga í gildi (2025).

Í stjórnunar- og verndaráætlunum er mótuð stefna í stjórnun og uppbyggingu á friðlýstum svæðum og aðgerðir skipulagðar og þeim forgangsraðað í aðgerðaáætlun. Stjórnunar- og verndaráætlanir skiptast alla jafna í þrjá megin kafla, í fyrstu tveimur eru bakgrunnsupplýsingar um svæðið og lýsing á því en í þriðja kafla eru skilgreind markmið og stefna og leiðir að markmiðum. Þá fylgir áætlunum aðgerðaáætlun þar sem aðgerðum er forgangsraðað og þær tímasettar. Aðgerðaáætlanirnar gilda til fimm ára og að þeim tíma liðnum skal meta árangur verndarráðstafana og endurskoða og uppfæra áætlanirnar.

Umhverfisstofnun hefur undanfarin þrjú ár lagt mikla áherslu á gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir þau svæði sem eru í umsjón stofnunarinnar. Árið 2017 voru þrjár stjórnunar- og verndaráætlanir staðfestar af umhverfis- og auðlindaráðherra. Því til viðbótar bíða þrjár áætlanir staðfestingar ráðherra. Fjölmargar aðrar áætlanir eru í vinnslu eða langt komnar.

Við vinnslu áætlanna er lögð afar mikil áhersla á samráð og samvinnu og því eru fjölmargir þættir sem geta haft áhrif á vinnsluhraða áætlanna.

### 5.1. Staðfestar stjórnunar- og verndaráætlanir

Árið 2017 voru þrjár stjórnunar- og verndaráætlanir staðfestar af umhverfis- og auðlindaráðherra, fyrir friðlandið við Gullfoss, náttúruvættið Steðja og fyrir Hólmanes (ein áætlun fyrir tvö svæði).

#### 5.1.1. Gullfoss

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Gullfoss hófst á haustmánuðum 2015, en samstarfshópur hafði verið skipaður fyrr á árinu. Í samstarfshópnum áttu sæti fulltrúar Umhverfisstofnunar, Bláskógabyggðar og landeigenda í Brattholti. Auk þess var haft samráð við Ríkiseignir sem eru réttihafi lands.

Gullfoss og næsta nágrenni var friðlýst sem friðland árið 1979. Verndargildi svæðisins er margþætt og felst í ásýnd fossins, vatnasviði hans, gróðurfari og jarðmyndunum. Auk þess hefur svæðið menningarsögulegt gildi en segja má að barátta fyrir verndun Gullfoss gegn virkjanahugmyndum sé mikilvægur þáttur í sögu náttúruverndar á Íslandi.

Gullfoss er einn fjölsóttasti áfangastaður ferðamanna á Íslandi og er markmið stjórnunar- og verndaráætlunarinnar að viðhalda verndargildi svæðisins með sjálfbærni í huga. Þá er hugað að innviðauppbýggingu innan svæðisins þar sem áherslan er á betri stýringu ferðamanna.

Aðgerðirnar sem skilgreindar eru í aðgerðaáætlun snúa að fjölmörgum þáttum, s.s. náttúruminum, menningarminjum, landnotkun, innviðum, ferðaþjónustu og útvist, rannsóknnum og vöktun, kynningu og fræðslu, öryggismálum og loftförum.

Í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Gullfoss er friðlýsta svæðinu skipt í fjögur svæði með mismunandi áherslum hvað varðar umgengni, gróðurvernd og innviði. Markmiðið með svæðaskiptingunni er að tryggja og viðhalda verndargildi svæðisins, skilgreina sérstaklega viðkvæm svæði svo þau njóti gróðurverndar, skilgreina framkvæmdasvæði og svæði þar sem eru innviðir og að tryggja almenningi aðgengi að svæðinu og útsýni yfir fossinn.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eru settar fram þrjár reglur um umferð og dvöl inna svæðisins:

- Næturdvöl er bönnuð innan friðlandsins, á það við um húsbíla, ferðavagna og tjöld, sbr. kafla 3.4.
- Rekstri hesta skal beint um leiðir utan friðlands en ríðandi mönnum er heimil för um skilgreindar reiðleiðir innan þess, sbr. kafla 3.5.2.
- Þylum og öðrum mönnum loftförum skal aldrei lenda innan friðlandsins, nema að fengnu leyfi frá Umhverfisstofnun. Notkun ómannaðra loftfara er bönnuð nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. kafla 3.10.

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Gullfoss voru kynnt á sumarmánuðum árið 2016. Alls bárust athugasemdir eða umsagnir frá 6 aðilum. Stjórnunar- og verndaráætlun Gullfoss var send til staðfestingar ráðherra þann 13. mars 2017. Áætlunin var staðfest af ráðherra 20. nóvember 2017. Áætlunin gildir til ársins 2026.

### 5.1.2. Steðji

Vinna vegna stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættið Steðja í Hvalfirði hófst í maí 2016. Í samstarfshóp sem vann að undirbúningi áætlunarinnar áttu sæti fulltrúar landeiganda og Kjósarhrepps auk Umhverfisstofnunar.

Steðji var friðlýstur árið 1974 að frumkvæði heimamanna. Steðji hefur jarðfræðilegt og menningarlegt verndargildi. Myndunarsaga svæðisins er merkileg og hefur jarðfræðilegt fræðslugildi. Menningarlegt gildi Steðja felst annars vegar í þeirri sögn að í honum eigi einbúi sér bústað og hins vegar tengist Steði ferðum fólks um Hvalfjörð, sem var í alfaraleið áður en Hvalfjarðargöngin voru opnuð en steinninn var þá vinsæll áningarstaður.

Markmiðið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðið er að leggja fram stefnu um verndun Steðja og hvernig viðhalda skuli verndargildi svæðisins þannig að sem mest sátt ríki um. Með áætluninni er stefnt að því að standa vörð um og efla jákvæða ímynd svæðisins.

Aðgerðirnar sem skilgreindar eru í aðgerðaáætlun snúa að fjölmörgum þáttum, s.s. náttúruminum, menningarminjum, landnotkun, ferðaþjónustu, útvist, innviðum, mannvirkjum, mönnum og ómönnum loftförum, rannsóknnum, vöktun, kynningu, fræðslu og öryggismálum.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er sett fram ein regla um umferð og dvöl á svæðinu:

- Óheimilt er að eiga næturstað innan náttúruvættisins Steðja.

Tillaga að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Steðja var kynnt almenningi í október og nóvember 2016. Engar athugasemdir bárust á kynningartíma. Áætlunin var send til staðfestingar ráðherra þann 13. mars 2017 og var staðfest af ráðherra 20. nóvember 2017. Áætlunin gildir til ársins 2025.

### 5.1.3. Hólmanes

Vinna við undirbúning stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir fólkvang og friðland í Hólmanesi hófst á vormánuðum 2016. Í júní 2016 var skipaður samstarfshópur vegna gerðar áætlunarinnar sem í áttu sæti fulltrúar frá Umhverfisstofnun og Fjarðabyggð.

Hólmanes var friðlýst árið 1973, hluti svæðisins sem friðland og hinn hlutinn sem fólkvangur. Svæðið er heimkynni fjölskrúðugs fuglalífs, fjölbreytts gróðurfars og einkennist af grónu flatlendi þar sem brattir hólmar tróna upp úr á stöku stað. Hólmanes er vinsælt útivistarsvæði.

Stjórnunar- og verndaráætlun Hólmaness tekur til bæði fólkvangsins og friðlandsins. Með áætluninni er leitast við að viðhalda og varðveita lífríki og jarðminjar í Hólmanesi og á sama tíma að styrkja svæðið sem útivistarsvæði og efla fræðslugildi þess.

Aðgerðirnar sem skilgreindar eru í aðgerðaáætlun snúa að náttúruminum, menningarminjum, innviðum og mannvirkjum, rannsóknum og vöktun.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er sett fram sérstök regla um umferð og dvöl:

- Notkun dróna og annarra ómannaðra loftfara er bönnuð nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Hólmanes voru kynnt í nóvember 2016 og lauk kynningartíma í lok desember 2016. Athugasemdir bárust frá þremur aðilum. Áætlunin var send til staðfestingar ráðherra þann 13. mars 2017 og var staðfest af ráðherra þann 20. nóvember 2017. Áætlunin gildir til ársins 2026.

## 5.2. Stjórnunar- og verndaráætlanir sem er lokið

Um áramót 2017-2018 biðu þrjár stjórnunar- og verndaráætlanir staðfestingar ráðherra, fyrir friðlandið í Kringilsárrana og náttúruvættin Helgustaðanámu og Surtarbrandsgil.

### 5.2.1. Helgustaðanáma

Í júní 2016 var skipaður samstarfshópur vegna gerðar stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættið Helgustaðanámu. Í hópnum eiga sæti fulltrúar frá Umhverfisstofnun og Fjarðabyggð en samráð var haft við Ríkiseignir sem eru rétthafi lands.

Helgustaðanáma var friðlýst árið 1975 sem náttúruvætti. Meginmarkmið með friðlýsingunni er að vernda jarðminjar svæðisins og þá sérstaklega silfurberg sem bannað er að nema burt

úr námunni. Helgustaðanáma er ein frægasta silfurbergsnáma í heimi, en þar var silfurberg grafið úr jörðu frá því á 17. öld og fram á fyrri hluta 20. aldar. Úr Helgustaðanámu kemur mest af því silfurbergi sem er að finna á söfnum víða um heim en einhver stærstu og tærustu eintök silfurbergs í heiminum hafa fundist í námunni. Svæðið er á rauðum lista Umhverfisstofnunar yfir þau svæði sem eiga á hættu að tapa verndargildi sínu.

Markmið stjórnunar- og verndaráætlunar svæðisins er að stuðla að verndun silfurbergs í Helgustaðanámu, ásamt öðrum náttúruminum, með stýringu ferðamanna og stefnu um aukna landvörslu, upplýsingagjöf og fræðslu. Þá er stefnt að því að stemma stigu við brottnámi steinda og þeim ágangi sem aukinn ferðamannastraumur hefur haft í för með sér á svæðinu.

Aðgerðirnar sem skilgreindar eru í aðgerðaáætlun snúa að stjórnsýslu, náttúruminum, innviðum og mannvirkjum, öryggismálum, rannsóknum og vöktun.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd leggur Umhverfisstofnun til að settar verði tvær sérstakar reglur um umferð og dvöl:

- Gestir skulu ávallt fylgja stígum innan hins friðlýsta svæðis. Aldrei skal ganga í skriðum eða annars staðar þar sem hætta er á jarðraski eða grjóthruni, sbr. kafli 2.5.2.
- Stranglega bannað er að klifra í námunum eða ganga þar í lausum skriðum þar sem að slíkt getur haft í för með sér slyshættu fyrir geranda og aðra gesti svæðisins sbr. kafli. 3.5.

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun Helgustaðanámu voru auglýst í opnu kynningarferli í febrúar 2017. Alls bárust tvær umsagnir eða athugasemdir á kynningartíma. Áætlunin var afgreidd að hálfu Umhverfisstofnunar í júní 2017. Umhverfisstofnun bárust athugasemdir umhverfis- og auðlindaráðuneytis við áætlunina í október 2017, sem stofnunin vann úr. Hefur áætlunin nú verið send að nýju til staðfestingar ráðherra.

### 5.2.2. Kringilsárrani

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið Kringilsárrana hófst fyrst árið 2014. Undirbúningur hófst að nýju eftir hlé árið 2016. Áætlunin er unnin af fulltrúum sveitarfélagsins Fljótaldshéraðs, Umhverfisstofnunar og Vatnajökulspjóðgarðs í samráði við Landgræðslu ríkisins og Landsvirkjun.

Kringilsárrani var friðlýstur sem friðland árið 1975. Kringilsárrani er sérstæð og gróin landspilda sem er mörkuð af hopi Brúarjökuls. Jökulminjar eru greinilegar á svæðinu og liggja svokallaðir hraukar yfir ranann þverann. Svæðið er mjög torsótt og hefur í gegnum tíðina fengið að þróast á eigin forsendum. Með tilkomu Kárahnjúkavirkjunar fór hluti friðlandsins undir Háslón og hefur því hluta þessa ósnortna svæðis verið raskað. Markmiðið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðið er að leggja fram framtíðarsýn og stefnu um verndun þess og hvernig viðhalda meggi verndargildi svæðisins. Framtíðarstefna Umhverfisstofnunar fyrir Kringilsárrana er að viðhalda ósnortinni náttúru svæðisins miðað við núverandi friðlýsingarmörk og bregðast við ógnum á náttúrulegri framvindu svæðisins. Helstu þættir sem ógna svæðinu eru landbrot og áfok sem rekja má til Háslóns. Stefnt er að áframhaldandi vöktun á ofantöldum áhrifaþáttum og árlegum samráðsfundum vegna ástands svæðisins. Svæðið hefur verið á appelsínugulum lista Umhverfisstofnunar, frá árinu 2010, yfir svæði sem eiga á hættu að tapa verndargildi sínu.

Í stjórnunar- og verndaráætluninni er friðlandinu skipt í tvö svæði, Maríutungur og nærliggjandi svæði og svo Kringilsárranann sjálfan. Skiptingin byggir fyrst og fremst á þeim áhrifum sem Háslón hefur á ástand svæðanna og ólíka stefnuþætti vegna þeirra áhrifa.

Aðgerðir sem skilgreindar eru í aðgerðaáætlun snúa að uppfærslu friðlýsingarskilmála svæðisins, innviðum og mannvirkjum, ógnum, rannsóknum og vöktun.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd leggur Umhverfisstofnun til að settar verði sérstök regla um umferð og dvöl:

- Umhverfisstofnun er heimilt að veita leyfi fyrir umferð vélknúinna farartækja í tengslum við bakka- og áfoksvarnir sbr. kaflar 3.4.1. og 3.4.2.

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun Kringilsárrana voru auglýst í opnu kynningarferli í febrúar 2017. Alls bárust athugasemdir frá fjórum aðilum. Athugasemdir varðandi örnefni og svæðisskiptingu bárust eftir að kynningartíma var lokið en taldi samstarfshópurinn rétt að taka tillit til þeirra einnig. Áætlunin var afgreidd að hálfu Umhverfisstofnunar í júlí 2017 og send til umhverfis- og auðlindarráðherra til staðfestingar í nóvember 2017.

### 5.2.3. Surtarbrandsgil

Surtarbrandsgil var friðlýst sem náttúruvætti árið 1975. Náttúruvættið hefur að geyma jarðmyndanir sem hafa hátt vísinda- og verndargildi. Í gílinu er að finna steingerðar leifar gróðurs og skordýra, ásamt surtarbrandi sem gefa upplýsingar um fornt gróðurfar og loftslagsaðstæður sem ríktu hér á landi fyrir um 12 milljónum ára. Sérstaða svæðisins felst einkum í því að í gílinu eru leifar tegundaríkustu skóga sem fundist hafa í jarðlögum hér á landi.

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Surtarbrandsgil hófst í október 2016 þegar samstarfshópur fyrir gerð hennar var skipaður. Í honum áttu sæti fulltrúar Umhverfisstofnunar, Vesturbyggðar og ábúenda á Brjánslæk.

Svæðið er nokkuð vinsæll áfangastaður ferðamanna en síðustu ár hefur verið boðið upp á ferðir í gilið í fylgd með landvörðum. Reynslan hefur sýnt að þegar gestum er aðeins heimilt að heimsækja Surtarbrandsgil í fylgd með landverði hefur brott nám steingervinga og surtarbrands minnkað, en það hefur lengi verið vandamál á svæðinu. Svæðið er á appelsínugulum lista Umhverfisstofnunar yfir svæði í yfirvofandi hættu.

Aðgerðir sem skilgreindar eru í aðgerðaáætlun snúa að stjórnsýslu, náttúruminum, innviðum og mannvirkjum, öryggismálum, kynningu og fræðslu og rannsóknum og vöktun.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd leggur Umhverfisstofnun til að settverði sérstök regla um umferð og dvöl:

- Gestum er aðeins heimilt að heimsækja svæðið í fylgd með landverði eða umsjónarmanni svæðisins, eða með þeirra leyfi.

Í febrúar árið 2017 voru drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Surtarbrandsgil lögð fram til kynningar. Alls bárust athugasemdir eða umsagnir frá þremur aðilum. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Surtarbrandsgil var afgreidd af hálfu Umhverfisstofnunar í júní 2017 og áætlunin send ráðherra til staðfestingar. Í október sama ár bárust Umhverfisstofnun

athugasemdir umhverfis- og auðlindaráðuneytis við áætlunina sem stofnunin vann úr og hefur nú sent áætlunina að nýju til staðfestingar ráðherra.

## 5.3. Stjórnunar- og verndaráætlanir í vinnslu

Árið 2017 var unnið að gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir 13 svæði til viðbótar þeim áætlunum sem lokið var við á árinu.

### 5.3.1. Andakíll

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir verndarsvæðið í Andakíll hófst í október 2016. Samstarfshópurinn fundaði þá um haustið og boðað var til opins íbúafundar í lok nóvember. Tilgangur fundarins var að upplýsa íbúa og landeigendur um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Andakíll og kalla eftir skoðunum heimamanna um þau málefni sem fjallað er um í áætluninni. Verndarsvæðið hefur mikla sérstöðu hér á landi þar sem byggðakjarni er innan þess, búskapur og ýmis starfsemi.

Verndarsvæðið í Andakíll var friðlýst sem búsvæði árið 2002 og var svæðið stækkað árið 2011. Svæðið er einn af mikilvægustu áningarstöðum grænlenka blesgæsastofnsins á Íslandi. Árið 2013 var svæðið skráð á lista Ramsar yfir alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði. Megin markmið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Andakíll er að draga fram sérstöðu svæðisins og leggja fram stefnu um hvernig viðhalda megri verndargildi þess í sátt við landeigendur, heimamenn og aðra hagsmunaaðila. Sérstaða búsvæðisins er mikil og með áætluninni er stefnt að því að standa vörð um og efla jákvæða ímynd svæðisins.

Stefnt var að því að ljúka við gerð áætlunarinnar fyrri hluta árs 2017 en vinnan tafðist af ýmsum ástæðum. Gert er ráð fyrir að áætlun verði send umhverfis- og auðlindaráðherra til staðfestingar árið 2018.

### 5.3.2. Búðahraun

Búðahraun var friðlýst sem friðland árið 1977. Vinna vegna stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið hófst í júlí 2016 og var fyrsti fundur samstarfshóps haldinn um miðjan þann mánuð. Í samstarfshópnum eiga sæti fulltrúar Snæfellsbæjar, landeigenda og Búðasóknar auk Umhverfisstofnunar. Í upphafi vinnuferilsins kom í ljós að fara þarf vandlega yfir eignarhald á landi og mörk landareigna innan friðlandsins en þó einkum á jöðrum þess. Hjá Þjóðskjalasafni Íslands stendur yfir kerfisbundin gagnaöflun um landamerki, eignarhald og nýtingu landsvæða vegna þjóðlendumála á Snæfellsnesi. Ákveðið var að setja vinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Búðahraun í bið þar til gagnaöflun Þjóðskjalasafns Íslands lýkur en gert er ráð fyrir að það verði fyrri hluta árs 2018.

### 5.3.3. Flatey

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið í Flatey hófst í lok ágúst 2015. Áætlunin er unnin af samstarfshópi sem í eiga sæti fulltrúar Umhverfisstofnunar, Reykhólahrepps, Framfarafélags Flateyjar og ábúenda í Flatey. Samhliða gerð stjórnunar- og verndaráætlunar er unnið að endurskoðun friðlýsingarskilmála fyrir friðlandið (kaflí 4.1.).

Markmið stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Flatey er að leggja fram stefnu um verndun svæðisins og hvernig viðhalda skuli verndargildinu í sátt við ábúendur og aðra hagsmunaaðila. Stefnt skal að því að afnot gesta, ábúenda og ferðaþjónustuaðila af svæðinu séu sjálfbær.

Samstarfshópurinn hefur unnið drög að stjórnunar- og verndaráætlun sem lögð voru fram til kynningar um mitt ár 2017. Alls bárust 9 athugasemdir eða ábendingar við tillöguna. Nokkrar tafir hafa orðið á úrvinnslu athugasemda, en stefnt er að því að henni ljúki árið 2018 og að áætlunin verði send til staðfestingar ráðherra samhliða undirritun endurskoðaðrar auglýsingar um friðlandið í Flatey.

#### 5.3.4. Friðland að Fjallabaki

Vinna við undirbúning að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðland að Fjallabaki hófst formlega í upphafi ársins 2017. Í samstarfshópi sem vinnur að gerð áætlunarinnar eiga sæti fulltrúar Rangárþings ytra og Umhverfisstofnunar.

Friðland að Fjallabaki var friðlýst árið 1979. Tilgangur friðlýsingarinnar er að varðveita sérstök landsvæði þannig að komandi kynslóðir hafi tækifæri til að njóta þeirra. Fjölbreytt landslag, sérstakt en viðkvæmt lífríki, öræfaauðn og kyrrð eru megin einkenni friðlandsins, en landið er fjöllótt og mótað af eldvirkni og jarðhita. Litadýrð á svæðinu er mikil, m.a. vegna líparíts og hrafntinnu í fjöllum. Hraun, ár og vötn setja einnig svip á landslagið. Á hverju ári sækir mikill fjöldi gesta svæðið heim.

Megin markmiðið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðland að Fjallabaki er að móta framtíðarsýn og stefnu um verndun friðlandsins og hvernig viðhalda megi verndargildi svæðisins, meðal annars með stýringu ferðamanna auk fjölda annarra þátta.

Áfram verður unnið að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðland að Fjallabaki árið 2018.

#### 5.3.5. Friðland Svarfdæla

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðland Svarfdæla hófst á vormánuðum árið 2015. Efnt var til kynningarfundar á Húsabakka í Svarfaðardal þar sem áform um gerð áætlunarinnar voru kynnt fyrir landeigendum. Á sama tíma var skipaður samstarfshópur sem í eiga sæti fulltrúar í ráðgjafanefnd friðlandsins auk fulltrúa landeigenda.

Friðland Svarfdæla var friðlýst árið 1972 að frumkvæði landeigenda. Ekki er skýrt kveðið á um tilgang friðunar svæðisins í auglýsingu um friðlýsingu, en með hliðsjón af áherslu á verndun fuglalífs og lífríkis svæðisins í umgengnisreglum um friðlandið er litið svo á að megin verndargildi Friðlands Svarfdæla sé fuglalíf svæðisins. Það endurspeglast einnig í því að svæðið er jafnan í daglegu tali kallað fuglafriðland. Mikið fuglalíf er innan svæðisins en um eða yfir 30 tegundir fugla verpa þar að staðaldri. Verndunin er þó ekki einungis fólgin í verndun fuglalífs, heldur einnig þeim hefðbundnu nytjum sem eru og hafa verið á svæðinu frá því fyrir stofnun friðlandsins.

Meginmarkmið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Friðland Svarfdæla er að leggja fram stefnu um verndun svæðisins og hvernig viðhalda eigi verndargildi þess í sátt við landeigendur, heimamenn og aðra hagsmunaaðila.

Áætlunin var auglýst í almennu kynningarferli þann 18. nóvember 2016 og var frestur til að senda inn ábendingar og athugasemdir til 15. desember 2016. Alls bárust þrjár athugasemdir sem samstarfshópur hefur unnið úr. Að loknum kynningartíma tóku Umhverfisstofnun og Dalvíkurbyggð ákvörðun um að endurskoða umsjónarsamning um friðlandið og var útgáfu



stjórnunar- og verndaráætlunarinnar frestað þar til samningurinn liggur fyrir. Við lok ársins 2017 hafði umsjónarsamningurinn ekki verið endurnýjaður.

### 5.3.6. Glerárdalur

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir fólkvanginn Glerárdal hófst í maí 2017. Fyrsti fundur samstarfshóps var haldinn 19. maí, en í samstarfshópnum eiga sæti fulltrúar frá Umhverfisstofnun og Akureyrarbæ, en svæðið er í eigu bæjarins.

Hluti Glerárdals var friðlýstur sem fólkvangur þann 6. júní 2016. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda Glerárdal og aðliggjandi fjalllendi til útivistar fyrir almennig, náttúruskoðunar og fræðslu. Friðlýsingin verndar auk þess land sem er að mestu ósnortið með fjölbreyttum jarðmyndunum og gróðurfari, og er þannig stuðlað að varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og breytileika jarðmyndana.

Markmið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Glerárdal er að leggja fram stefnu um verndun svæðisins og hvernig viðhalda eigi verndargildi svæðisins þannig að sem mest sátt ríki um. Með áætluninni er stefnt að því að standa vörð um og efla jákvæða ímynd svæðisins.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Glerárdal er sú fyrsta sem gerð er fyrir fólkvang. Samkvæmt 83. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd annast sveitarfélög sem standa að stofnun fólkvangs umsjón hans og rekstur og bera af því allan kostnað að því leyti sem ekki koma til framlög úr ríkissjóði. Meðfylgjandi áætluninni verður aðgerðaáætlun Akureyrarbæjar fyrir fólkvanginn.

Stefnt er að því að ljúka gerð áætlunarinnar á fyrri hluta árs 2018.

### 5.3.7. Hornstrandir

Í desember 2016 óskaði Umhverfisstofnun eftir tilnefningum frá Ísafjarðarbæ og landeigendafélagi Sléttu- og Grunnavíkurhrepps um fulltrúa í samstarfshóp vegna gerðar stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið á Hornströndum. Tilnefningarnar bárust í lok árs 2016.

Hornstrandir voru friðlýstar sem friðland árið 1975, en auglýsingin var endurskoðuð í tvígang árið 1985. Markmið friðlýsingarinnar er meðal annars að varðveita fjölbreytt og mikilfenglegt landslag með hrikalegum fjöllum, ýmsum berggerðum, giljum, ám, fossum, óshólmum, fjölskrúðugum gróðri og dýralífi, auk minja um forna búskaparhætti og atvinnusögu innan svæðisins.

Unnið hefur verið að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið árið 2017. Þar er meðal annars er stefnt að því að ná betri stýringu innan svæðisins til að vernda sérstöðu þess. Hefur samstarfshópurinn fundað fimm sinnum á árinu. Á einum fundinum barst tillaga frá fulltrúum Ísafjarðarbæjar þar sem óskað var eftir frekara samráði við landeigendur og íbúa á svæðinu. Í kjölfarið var haldinn opinn íbúafundur á Ísafirði, þar sem öllum samráðsaðilum var einnig boðið að koma. Þá var einnig haldinn opinn fundur fyrir landeigendur og átthagafélög í Reykjavík. Samtals sóttu fundina ríflega 100 manns. Í kjölfar fundanna var unnið úr umræðum sem þar fóru fram og notast við tillögur og athugasemdir sem þar komu fram við stefnumótun fyrir svæðið.

Stefnt er að því að vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar Friðlands á Hornströndum ljúki árið 2018.

### 5.3.8. Ingólfshöfði

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið í Ingólfshöfða hófst í maí 2017. Áætlunin er unnin af fulltrúum frá Umhverfisstofnun, fulltrúa sveitarfélagsins Hornafjarðar, leigutökum að jörðinni og eigendum aðliggjandi jarða við friðlandið sem nýta höfðann til ferðabjónustu. Fyrsti fundur samstarfshóps var haldinn 13. september 2017.

Friðlandið í Ingólfshöfða var friðlýst árið 1974 en friðlýsingin var endurskoðuð árið 1978. Markmið friðlýsingarinnar er að varðveita og viðhalda náttúrulegu ástandi svæðisins, sérstaklega því fuglalífi sem finnst á svæðinu.

Markmiðið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Ingólfshöfða er að leggja fram stefnu um hvernig viðhalda megi verndargildi þess í sátt við heimamenn og aðra hagsmunaaðila.

Stefnt er að því að ljúka gerð áætlunarinnar á fyrri hluta árs 2018.

### 5.3.9. Kattarauga

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættið Kattarauga hófst um miðjan október 2017 og var fyrsti fundur samstarfshóps var haldinn 27. nóvember. Áætlunin er unnin af samstarfshópi sem í eiga sæti fulltrúar Umhverfisstofnunar, Húnavatnshrepps og landeiganda.

Markmið stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Kattarauga er að vernda ásýnd Kattarauga og viðhalda verndargildi svæðisins og lífríki þess. Einnig er markmiðið að tryggja jákvæða upplifun gesta með því að viðhalda náttúrufarslegum gæðum svæðisins.

Samstarfshópurinn vinnur að drögum að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið og er áætlað að þau verði auglýst til kynningar í byrjun árs 2018.

### 5.3.10. Teigarhorn

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir fólkvanginn Teigarhorn og náttúruvættið geislasteina í landi Teigarhorns hófst fyrri hluta árs 2014. Áætlunin er unnin af fulltrúum Umhverfisstofnunar og stjórn fólkvangsins. Þar sem svæðin tvö eru að hluta til á sama svæði var ákveðið að gerð skyldi sameiginleg áætlun fyrir þau bæði.

Hluti jarðarinnar Teigarhorns var fyrst friðlýstur sem náttúruvætti árið 1975. Friðlýsingin var síðan endurskoðuð árið 2013 með auglýsingu um friðlýsingu geislasteina í landi Teigarhorns. Árið 2013 var einnig undirrituð friðlýsing fólkvangsins Teigarhorns. Markmiðið með friðlýsingu geislasteina í landi Teigarhorns er að varðveita og viðhalda náttúrulegu ástandi svæðisins, einkum með tilliti til þeirra jarðlaga sem eru rík af geislasteinum, en svæðið er sérstaklega auðugt af geislasteinum og fjölbreytni þeirra mikil. Ennfremur er það markmið friðlýsingarinnar að tryggja möguleika á rannsóknum á jarðmyndunum svæðisins en svæðið er einn þekktasti fundarstaður geislasteina í heiminum. Markmiðið með friðlýsingu

fólkvangsins er að tryggja útivistarsvæði í fögru umhverfi þar sem gestum gefst tækifæri til að kynna sérstakri náttúru svæðisins og sögu jarðarinnar Teigarhorns.

Markmið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðin tvö er að leggja fram stefnu um verndun þeirra og hvernig viðhalda eigi verndargildi þeirra þannig að sem mest sátt ríki um.

Vegna endurnýjunar umsjónarsamnings fyrir svæðið tafðist útgáfa stjórnunar- og verndaráætlunar, en gert er ráð fyrir að þegar að nýr umsjónarsamningur liggur fyrir verði áætlunin uppfærð til samræmis við samninginn og gefin út.

### 5.3.11. Skógafoss

Samstarfshópur vegna gerðar stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Skógafoss var skipaður í lok júní 2017 og kom saman til fyrsta fundar 17. ágúst. Undirbúningsvinna hafði hafist í maí sama ár. Í samstarfshópnum eru fulltrúar sveitarfélagsins, landeigenda, umsjónaraðila og Umhverfisstofnunar. Skipulagsnefnd Rangárpings eystra óskaði eftir kynningu á vinnu vegna stjórnunar- og verndaráætlana og fór fulltrúi Umhverfisstofnunar á fund nefndarinnar.

Stefnt er að því að ljúka við gerð áætlunarinnar árið 2018.

### 5.3.12. Ströndin við Stapa og Hellna

Undirbúningur vegna gerðar stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið Ströndin við Stapa og Hellna hófst haustið 2017. Áætlunin er unnin samhliða stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Bárðarlaug. Gagna var aflað vegna landeigenda á svæðinu og óskað eftir tilnefningu Snæfellsbæjar í samstarfshóp. Við lok árs 2017 hafði tilnefning í samstarfshópinn ekki borist. Stefnt er að því að ljúka gerð áætlunarinnar árið 2018.

### 5.3.13. Bárðarlaug

Stjórnunar- og verndaráætlun vegna náttúruvættisins Bárðarlaugar er unnin samhliða áætlun um Ströndina við Stapa og Hellna. Gagna var aflað vegna landeigenda á svæðinu og óskað eftir tilnefningu Snæfellsbæjar í samstarfshóp. Við lok árs 2017 hafði tilnefning í samstarfshópinn ekki borist. Stefnt er að því að ljúka gerð áætlunarinnar árið 2018

## 5.4. Endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlana

Allar stjórnunar- og verndaráætlanir sem gefnar eru út fyrir friðlýst svæði hafa gildistíma. Að gildistíma loknum skulu áætlanirnar endurskoðaðar. Almenn er gildistími áætlana 10 ár en aðgerðaáætlanir skulu endurskoðast þegar 5 ár eru liðin frá útgáfu. Í einstaka tilvikum er gildistíminn annar, en um slíkt er þá kveðið í sérlægum eða auglýsingu um friðlýsingu svæðanna.

### 5.4.1. Mývatn og Laxá

Verndaráætlun fyrir Mývatn og Laxá kom fyrst út árið 2011. Samkvæmt ákvæðum laga nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjasýslu skal endurskoða hana á fimm ára fresti. Vinna við endurskoðun áætlunarinnar hófst seinni hluta árs 2016.

Mývatn og Laxá eru upphaflega friðlýst með lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjasýslu árið 1974. Árið 2004 var verndunin endurskoðuð og er svæðið nú verndað



með sérlögum nr. 97/2004. Markmið laganna er að stuðla að náttúruvernd í samræmi við sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum. Lögin eiga að tryggja vernd líffræðilegrar fjölbreytni á víðáttumiklu vatnasviði Mývatns og Laxár ásamt verndun jarðmyndana og landslags.

Endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunarinnar verður gerð með tilliti til framvindu svæðisins síðustu ár en einnig með tilliti til breyttra áherslna hjá Umhverfisstofnun við gerð stjórnunar- og verndaráætlana. Nú er aukin áhersla lögð á að áætlanirnar séu stefnu- og aðgerðamiðaðar í samræmi við markmið viðkomandi friðlýsingar.

Í byrjun ársins 2017 bárust síðustu tilnefningar í samstarfshóp vegna endurskoðunar verndaráætlunarinnar til Umhverfisstofnunar. Fyrsti fundur samstarfshópsins var haldinn 8. mars 2017. Í kjölfarið óskaði Landvernd eftir að tilnefndir yrðu fulltrúar náttúruverndarsamtaka í hópnum. Árið áður höfðu landeigendur óskað eftir setu í samstarfshópinum og tilnefnt sína fulltrúa. Umhverfisstofnun varð einnig við ósk Landverndar og voru þrír fulltrúar náttúruverndarsamtaka tilnefndir í hópinn. Samtals eiga nú sæti í hópnum 16 aðilar sem eru tilnefndir fyrir hönd stjórnvalda, rannsóknarstofnana, landeigenda og náttúruverndarsamtaka. Tveir fundir voru haldnir á árinu.

Á fundum samstarfshópsins var meðal annars kallað eftir uppgjöri á eldri áætlun svæðisins. Þá var óskað eftir niðurstöðum vöktunar RAMÝ til grundvallar stefnumótunar. Einnig var bent á samlegðaráhrif stjórnunar- og verndaráætlanagerðar og annarra stefnumótunar á svæðinu, svo sem ferðamálastefnu og aðalskipulagi Skútustaðahrepps. Var vilji innan samstarfshópsins að stefnumótunin væri unnin í samráði og að einhverju leyti samhliða til að tryggja að samhljómur væru í allri stefnumótun fyrir svæðið umhverfis Mývatn.

Umhverfisstofnun hefur á árinu einnig kallað eftir gögnum frá vöktunaraðilum og unnið að úrvinnslu eldri áætlunar. Þá hefur verið unnið að bakgrunnsköflum Verndaráætlunar Mývatns og Laxár.

Áfram verður unnið að endurskoðuninni árið 2018.

## 6. Lokaorð

Með tilkomu laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er kynning og málsmeðferð í tengslum við nýjar friðlýsingar nokkuð breytt. Ekki hefur enn reynt á ferlið í heild þar sem tillaga að lista svæða á B-hluta náttúruminjaskrár hafði ekki borist stofnuninni í árslok 2017. Umhverfisstofnun bindur þó miklar vonir við að með þeirri málsmeðferð sem sett er fram í lögum þar sem gert er ráð fyrir aðkomu sveitarstjórna, náttúruverndarnefnda, náttúrustofa, annarra opinberra aðila og hagsmunasamtaka mjög snemma í ferlinu verði friðlýsingaferlið vænlegra til árangurs. Helstu hindranir við undirbúning friðlýsinga hafa verið flókið eignarhald á landi og mismunandi hugmyndir um nýtingu og skipulag lands. Með þeirri málsmeðferð sem lögð er fram í lögum munu atriði sem þessi koma fram snemma í ferlinu. Umhverfisstofnun telur að aðkoma þessara aðila að gerð B-hluta náttúruminjaskrár sé friðlýsingaverkefnum til framdráttar.

Því má ekki gleyma að friðlýsing svæðis er í eðli sínu langtímaverkefni. Mikilvægt er að gert sé ráð fyrir uppbyggingar- og rekstrarfjármagni þegar svæði er friðlýst, ekki síst í ljósi þess að álag á friðlýst svæði hefur aukist mikið á undanförunum árum með auknum straumi ferðamanna til landsins. Því er mjög mikilvægt að með friðlýsingunni sé verndargildi svæðisins vel skilgreint og mótuð skýr stefna og sett markmið um verndun, uppbyggingu og aðra þætti er varða rekstur svæðisins til framtíðar.

Þrátt fyrir að við gerð friðlýsingaskilmála sé reynt að horfa til framtíðar geta aðstæður breyst mjög hratt, og eins vinnulag við undirbúning friðlýsinga þar sem umsjónaraðilar friðlýstra svæða læra af reynslunni. Við sumum breytingum má bregðast við í stjórnunar- og verndaráætlunum sem hafa gildistíma, ólíkt auglýsingum um friðlýsingu svæða, en í sumum tilvikum reynist nauðsynlegt að endurskoða auglýsingar um friðlýsingu svæða, sér í lagi þeirra sem friðlýst voru fyrir margt löngu. Þeir friðlýsingarskilmálar eru oft á tíðum börn síns tíma, ónákvæmir, óskýrir og oft ekki fjallað sérstaklega um verndargildi svæðanna. Jafnframt segir í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd í ákvæði til bráðabirgða að ráðherra skuli láta endurskoða ákvæði gildandi friðlýsinga og eftir atvikum endurmeta verndargildi þeirra minja sem standa á gildandi náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun hefur mótað almenna stefnu varðandi endurskoðun eldri friðlýsingarskilmála þess efnis að hún fari fram samhliða eða í kjölfar gerðar stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði. Vinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði hefur þegar verið forgangsraðað og er sú forgangsröðun uppfærð og endurskoðuð á tveggja ára fresti.

Þegar unnið er að gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði eru ýmsir þættir skoðaðir, meðal annars hvort að þörf sé á endurskoðun á friðlýsingarskilmálum svæða. Lagt er mat á verndargildi og metið hvort það er í samræmi við það verndargildi sem fram kemur í friðlýsingarskilmálum. Í kjölfar þessa mats metur sérfræðingur hversu áriðandi endurskoðun friðlýsingarskilmála er, en dæmi eru um að þörf á endurskoðun hafi verið það aðkallandi að hún var unnin samhliða gerð stjórnunar- og verndaráætlun, en í öðrum tilvikum hefur endurskoðun friðlýsingarskilmála verið skilgreind í aðgerðaáætlun með stjórnunar- og verndaráætlun.

Líkt og áður hefur komið fram hefur Umhverfisstofnun á undanförunum árum lagt ríka áherslu á gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði. Reynslan hefur sýnt að áætlanirnar eru mikilvæg stjórnæki við umsjón friðlýstra svæða.



Árið 2017 var lokið við gerð 6 stjórnunar- og verndaráætlana auk þess sem nokkrar eru komnar vel á veg. Áætlað hafði verið að ljúka við gerð fleiri áætlana sem búast má við að lokið verði á fyrri hluta ársins 2018. Fjöldmargir þættir hafa áhrif á vinnsluhraða áætlana, svæðin misjöfn að stærð, eðli og umfangi, auk þess sem upp hafa komið mál er varða eignarhald svæða.

Það er afar mikilvægt að áfram verði haldið vinnu við friðlýsingar og vernd á helstu náttúruperlum á Íslandi, hvort sem um er að ræða svæði á tilvonandi náttúruminjasrá, svæði sem ná yfir virkjunarkosti í verndarflokki rammaáætlunar eða önnur svæði sem ákveðið kann að vera að friðlýsa. Til að unnt sé að sinna þessum verkefnum með sóma er nauðsynlegt að fjármagni verði veitt til málaflokksins. Okkur er falið mikilvægt verkefni að standa vörð um þær þannig að komandi kynslóðir hafi tækifæri til að njóta þeirra um ókomin ár á sama hátt og við höfum fengið tækifæri til. Svæði verða áfram aðdráttarafl fyrir ferðamenn, en fyrst og fremst er nauðsynlegt að vernda svæðin vegna þeirra sjálfra; sjónrænnar fegurðar, fjölbreytni og mikilvægis fyrir lífríki, jarðminjar og vistkerfi.